

REGLUR

um breytingu (35) á reglum nr. 458/2000, fyrir Háskóla Íslands.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 114. gr.:

Í upptalningu greina til meistaraþrófs í 114. gr. bætist ný málsgrein aftan við meistaranám í öldrunarfræðum svohljóðandi:

MA-nám í norrænni trú er sérstaklega skipulagt 60 eininga nám á ensku að loknu BA-prófi eða sambærilegu háskólaprófi.

Í upptalningu greina í diplómanámi á meistarastigi í 114. gr. bætist ný málsgrein aftan við diplómanám í félagsráðgjöf svohljóðandi:

Diplómanám í barnavernd er sjálfstætt 15 eininga nám að loknu BA-prófi eða sambærilegu háskólaprófi. Nám þetta er hægt að fá metið inn í MA-nám að uppfylltum inntöku-skilyrðum.

2. gr.

Gildistaka og lagastöð.

Ákvæði reglna þessara, sem háskólaráð hefur sett á grundvelli laga um Háskóla Íslands nr. 41/1999, öðlast þegar gildi.

Háskóla Íslands, 29. nóvember 2007.

Kristín Ingólfssdóttir.

Þórður Kristinsson.